

Ed.

214. Frumvarp til bifreiðalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum sérhvert ökutæki, sem knúið er áfram með aflvél í ökutækinu sjálfu og eigi rennur á spori.

Undanþegin lögnum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Einnig eru undanþegnir pallvagnar á lágum hjólum, sem notaðir eru til vöruflutninga að og frá skipi. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri. Að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, svo og um akstur og notkun ökutækja þessara.

Rísi ágreiningur um það, hvort ökutæki sé háð ákvæðum þessara laga eða þeim reglum, er settar verða samkvæmt þeim, úrskurðar dómsmálaráðherra endanlega um málið, en þetta skal áður umsagnar fjármálaráðuneytisins, sé um afgjaldsskyldu að ræða.

Lögreglubifreiðar, slökkviliðsbifreiðar og sjúkrabifreiðar eru undanþegnar ákvæðum laga þessara um hámarkshraða, en dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þessar bifreiðar skuli nota ákveðin einkenni og merki og jafnframt bannað öðrum bifreiðum notkun þeirra. Ennfremur getur dómsmálaráðherra undanþegið þessar og fleiri tegundir bifreiða í opinberri þjónustu ákvæðum laga þessara með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bifreiðar, sem í einstökum tilfellum eru notaðar til flutnings sjúkra eða slasaðra, eða annars slíks flutnings, er ekki þolir bið, eru, meðan þær eru í þeirri notkun, undanþegnar ákvæðum þessara laga og reglna, sem samkvæmt þeim kunna að verða settar um hámarkshraða, svo og um takmarkanir á akstri á ákveðnum tíma og vegum, en sá, er notar bifreið þannig, skal innan sólarhrings í síðasta lagi tilkynna lögreglunni aksturinn. Meðan bifreið er notuð samkvæmt þessari heimild, skal til viðvörunar hvít veifa fest á áberandi stað framan á bifreiðina.

2. gr.

Sérhver bifreið skal svo gerð, að af notkun hennar leiði ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

Heimilt er að nota bifreið til þess að draga aðra bifreið bilaða. Dómsmálaráðherra getur ennfremur með reglugerð heimilað, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, að bifreiðar séu notaðar til þess að draga vélalausa flutningsvagna

og óskrásettar bifreiðar. Ákvæði laga þessara gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hver megi vera mesta þyngd hlaðinnar bifreiðar, svo og vagns, sem bifreið dregur. Binda má hámarksþyngd við akstur á nánar tilteknum vegarköflum, miðað við hurðarþól vega og brúa.

Vegamálaráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar og vegamálastjóra, að því er snertir vegi utan kaupstaða og kaup-túna, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á götum, vegum eða vegarköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

4. gr.

Vegamálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett reglur um gerð hjólbarða, er nota megi á bifreiðum.

5. gr.

Í hverri bifreið skulu vera traust stjórnæki, og skal auðvelt að hafa með þeim fullt vald yfir bifreiðinni.

Í hverri bifreið skulu hemlar vera svo gerðir og ætið í því ástandi, að stöðva megi bifreiðina tryggilega og fljótt.

6. gr.

Á hverri bifreið skal vera horn til þess að gefa með hljóðmerki. Skal vel og haganlega um það búið og það gefa frá sér skýrt og þægilegt hljóð.

7. gr.

Á bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því hálf tími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálf tími er til sólaruppkomu, og einnig í þoku.

Á fjórhjóra bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina fram- undan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfar- endum, er á móti koma. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafn- framt aftara skrásetningarmarki bifreiðarinnar nægjanlega með hvítu ljósi.

Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Dragi bifreiðin einn eða fleiri vagna, skal afturljós vera á vagninum, sem dreg- inn er, og séu þeir fleiri en einn, þá á þeim aftasta.

Á tvíhjóra bifreiðum (bífhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða dauf- gulu ljósi, er lýsi akbrautina nægjanlega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmarki bifreið- arinnar með hvítu ljósi.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ljósaumbúnað bifreiða og um notkun fleiri ljóskera, ef þörf þykir.

8. gr.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að á vöru- og mannflutninga- bifreiðum skuli vera spegill, og sé honum þannig fyrir komið, að ökumaðurinn geti séð í honum umferðina fyrir aftan bifreiðina.

9. gr.

Í sérhverri fjórhjóra bifreið skal vera hraðamælir, er sýni hraða bifreiðarinnar og farna vegalengd á hverjum tíma.

10. gr.

Stýri, hemlar og tæki til að gefa merki með skulu þannig gerð og þeim svo fyrir komið, að þau séu auðveld i notkun. Skal ökumaðurinn geta beitt þeim án þess að beina athyglinni frá akbrautinni eða umferðinni.

11. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram.

12. gr.

Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd þeirra utanmáls sé 192 cm. Þó getur vegamálaráðherra, að fengnum tillögum vegamálastjóra, veitt undanþágu frá þessu.

13. gr.

Í hverri bifreið skal vera spjald með áletrun, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

II. KAFLI

Um tilkynningu, skoðun og skrásetningu bifreiða.

14. gr.

Sérhver bifreiðareigandi (umráðamaður bifreiðar) skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin í notkun.

Er lögreglustjóri hefir fengið tilkynningu um bifreið, lætur hann eftirlitsmann bifreiða, er dómsmálaráðherra skipar, framkvæma skoðun á bifreiðinni, og sker hann úr um það, hvort hún fullnægi kröfum þessara laga og reglugerða, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, og yfirleitt, hvort bifreiðin er þannig byggð og gerð, að notkun hennar sé hættulaus.

Fullnægi bifreiðin, að álit eftirlitsmanns, settum reglum, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina. Til skrásetningar bifreiða heldur lögreglustjóri sérstaka bók, bifreiðaskrá, og skráir í hana nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina og eiganda hennar, en dómsmálaráðherra ákveður nánar um form og innihald skrárinnar. Jafnframt skal sett spjald með umdæmistölumerki bifreiðarinnar aftan á hana og framan. Skrásetningarkerki lætur lögreglustjóri í té fulltilbúin, gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má á engan hátt hylja þau, er bifreiðin er í notkun. Eftirlitsmaður bifreiða ákveður að skoðun lokinni, hve marga farþega bifreið megi flytja, þar á meðal sérstaklega, hve marga i sætum við hlið ökumanns, og ritar það i skoðunarvottorð sitt. Skal ávallt geyma það i bifreiðinni sjálfri, og má aldrei flytja fleiri farþega i bifreið en skoðunarvottorð tiltekur.

Eftirlitsmaður ákveður, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja og skráir það i skoðunarvottorð. Má aldrei hlaða bifreið meira en heimilað er. Eftirlitsmenn og löggæzlumenn geta i einstökum tilfellum ákveðið fyrirkomulag á hleðslu bifreiðar, og er bifreiðaeigendum og ökumönnum þá skylt að hlita þeim fyrirmælum.

Lögreglustjóri getur i einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem ekki eru skrásettar, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Má i þessum reglum ákveða, að gjald skuli koma fyrir leyfið.

Fyrir skrásetningu og skoðun bifreiðar greiðir eigandi gjald til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

15. gr.

Glatist skrásetningarmarki bifreiðar eða verði það ónothæft, skal það þegar tilkynnt lögreglustjóranum í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, en sé hún stödd í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

16. gr.

Verði eigandaskipti (eða umráðamanns) að skrásettri bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi (umráðamaður) tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Sé nýi eigandinn búsettur utan þess, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóranum í sínu umdæmi eigandaskiptin, og skal bifreiðin þá skráð að nýju þar, en afskráð í umdæminu, sem hún fluttist frá.

Flytji eigandi (umráðamaður) bifreiðar húferlum með bifreið sína í annað lögsagnarumdæmi, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal bifreiðin þá afskráð í umdæmi því, er hún fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem hún flyzt í, og fær hún þar ný skrásetningarmarki. Sé aðeins um 6 mánaða eða skemmri dvöl að ræða í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningarmarkin endurgjaldslaust.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn bifreiða eftir þörfum og ákveður umdæmi þeirra og starfssvið, réttindi þeirra og skyldur. Skulu eftirlitsmenn vera sérfróðir í öllum þeim málum, er bifreiðar varða, bæði að því er snertir gerð og akstur bifreiða, meðferð benzins og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, svo og lög þau og reglur, er um þær gilda. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hæfni eftirlitsmanna og gefur þeim erindisbréf að öðru leyti um eftirlitið, eftir því sem þurfa þykir.

Skrásetningargjaldi og skoðunargjaldi (sbr. 14. gr.) skal verja til þess að greiða kaup eftirlitsmanna og annan kostnað við eftirlitið samkv. reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn bifreiða geta, hvenær sem er, krafizt þess, að bifreið, sem skrásett er eða notuð í umdæmi þeirra, sé færð til skoðunar á tiltekinn stað í umdæminu, svo ganga megi úr skugga um, hvort hún sé í lögmæltu standi. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað sérstaka skoðun með skömmu milli-bili á bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga.

Lögreglumönnum og eftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva bifreiðar og skoða þær samstundis og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Slika skoðun skal aðallega framkvæma í því skyni að prófa umbúnað stýris og hemla bifreiðarinnar.

Komi það í ljós, að bifreið fullnægir ekki lengur lögum og reglum, eða bifreið er eigi færð til skoðunar, er það hefir verið fyrirskipað, getur lögreglustjóri hannað notkun hennar og tekið af henni skrásetningarmarkin, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt.

18. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á því, að bifreiðin sé ávallt í lögmæltu ástandi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu, skoðun, flutning, skrásetningu og afskráningu bifreiða. Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um gerð og notkun bifreiða, til öryggis umferðinni, svo og sérstakar reglur um gerð og notkun ökutækja, sem knúin eru með eimvél eða kolagasi. Ennfremur setur hann reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum, sem notuð eru til bifreiða.

III. KAFLI Um bifreiðarstjóra.

20. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskirteini hjá lög-reglustjóra. Í ökuskirteininu skal vera mynd af bifreiðarstjóranum, og skal hann ávallt hafa skirteinið hjá sér, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumenn eða eftirlitsmenn bifreiða krefjast þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskirteini eru þau, að umsækjandinn sé fullra 18 ára að aldri, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega, að hann hafi notið kennslu í akstri, að honum hafi verið veitt fræðsla um meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, og loks að hann hafi staðizt próf í akstri, meðferð bifreiða, bifreiðavéla, benzíns og annara eldfimra efna, umferðareglum og bifreiðalögum. Próf þetta framkvæma sérfróðir menn, er dómsmálaráðherra skipar til þess. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskirteini, ef varhugavert þykir með tilliti til fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskirteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá nánari reglur um innihald skirteinisins.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann sé fullra 20 ára að aldri, og getur dómsmálaráðherra sett reglur um, að fullnægja skuli frekari skilyrðum til þess að öðlast ökuskirteini, er heimilar akstur slíkra bifreiða.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskirteini hafa, megi aka bifreið hér á landi.

Ökuskirteinið gildir í 5 ár frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó hvenær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskirteini. Ef endurnýjunar á ökuskirteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskirteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðarstjórpróf.

21. gr.

Bifreiðarstjóraefni megi því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans í bifreiðinni sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð bifreiða hefir sá, sem er 25 ára að aldri og hefir ökuskirteini, er heimilar honum akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða megi aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskirteini, eru 25 ára að aldri og minnst 1 árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Ökukennarinn ber ábyrgð á, að akstursæfingarnar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Engum má veita æfingu í akstri, nema hann hafi aldur til þess að fá ökuskirteini.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið“. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Má ákveða, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðaakstri.

22. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskirteini.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) skylt að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Enginn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem lækurinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annara slíkra orsaka er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefir í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við bifreiðaakstur.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórn-tæki, hemlar og merkjateki, séu í lagi.

IV. KAFLI

Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vega- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á $\frac{1}{3}$ þess hluta vegarins, sem auður er og hindranalaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn, og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sín-

um, þó aldrei meiri en 55 kílómetrar á klukkustund. Þegar ekið er með ljósum, má hraðinn aldrei vera meiri en 35 kílómetrar á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um lægri hámarkshraða fyrir þungar bifreiðar.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir, sérstaklega fyrir þungar bifreiðar. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósatíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðanum skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði framundan. Ennfremur er bannað að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum svo sem þörf er til öryggis umferðinni.

Þar sem ökumaðurinn sér stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhraðans nauðsynlega, má skipa svo fyrir með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum og annari umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum.

28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, riðandi manni eða öðrum vegfarendum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til hægri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en til vinstri, ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða riðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn bíða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að vikja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni. Einnig skal bifreiðarstjóri, ef hann mætir bifreið eða öðrum vegfarendum á ljósatíma, lækka framljósinn, ef unnt er.

Bifreiðarstjóri er skyldur að vikja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá, ef unnt er.

Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan vikja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari ákvæði um akstur bifreiða til öryggis umferð.

29. gr.

Ef slys vill til þar, sem bifreið er á ferð, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sinu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða búa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

V. KAFLI

Um skaðabótaskyldu og váttryggingu.

34. gr.

Verði tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það að fullu, nema það sannist, að ekki hafi verið hægt að komast hjá tjóninu, þótt bæði akstur og ökutæki þess, er tjóninu olli, hefði verið í fullu samræmi við settar reglur.

Skaðabóta verður þó eigi krafizt, ef sá, sem tjónið beið, hefir sjálfur af ásettu ráði valdið tjóninu eða stuðlað að því. Hafi sá, sem tjónið beið, orðið þess valdandi með stórkostlegu gáleysi, getur hann eigi krafizt bóta, nema því aðeins, að eigandi (umráðamaður) eða ökumaður bifreiðarinnar eigi líka sök á því. Þá skiptist tjónið að tiltölu við sök þeirra. Ef sá, sem tjónið beið, hefir sýnt af sér gáleysi, skal taka tillit til þess við ákvörðun skaðabótanna.

Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri, skiptist tjónið á þær innbyrðis að tiltölu við sök þeirra á slysinu.

Með framangreindum ákvæðum er eigi skertur neinn sá réttur til skaðabóta, er leiðir af almennum reglum.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmeats umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

35. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi kr. 15000 fyrir tvihjóla bifreiðar og kr. 30000 fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiræðismenn annara ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærrí fjárhæð en lögboðið er.

Tryggingarfélagið hefir endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

37. gr.

Nú er refsímál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi vátryggingarfélagi gert aðvart um málið og gefinn sami kostur á því og sökunautar hafa almennt til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsímalinu.

VI. KAFLI

Um refsingu og svipting ökuleyfis.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, misnotar merki það, sem

rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmarki á aðra bifreið en til er ætlazt, skal sæta fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Upphæð sektanna skal sérstaklega miða við fjárhagsástæður sökunauts.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í rikissjóð.

39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefir eigi áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig beita, hafi kærði orðið sekur um mjög vitaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast öku-réttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefir verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefir misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskirteinið lögreglunni. Er maður hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

VII. KAFLI

Um útlendar bifreiðar.

41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu og skrásetningu bifreiðanna og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum um bifreiða og hvort á þær skuli sett íslensk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal, hvaða yfirvaldi skuli gefa skýrslur þær, sem ræðir um í 14. gr. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefir verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefir maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskirteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenskt ökuskirteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskirteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

VIII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma numin úr gildi l. nr. 70 1931, um notkun bifreiða, og svo öll lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.